

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

14. fundur í samstarfsnefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, mánudaginn 28. febrúar 2022, kl. 16:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður. Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason. Einnig sátu fundinn Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar. Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Freyja Siggeirsdóttir í fjarfundarsambandi. Björn S. Lárusson skrifstofustjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

1. Gjaldskrá vegna fasteignagjalda í sameinuðu sveitarfélagi
2. Fjallskilamál
3. Kjörseðill og utankjörfundar atkvæðagreiðsla
4. Kynningarmál og íbúafundir
5. Næsti fundur
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Gjaldskrá vegna fasteignagjalda í sameinuðu sveitarfélagi

- Það er tillaga samstarfsnefndar að sameinað sveitarfélag nýti sér heimild í 5. mgr. 3. greinar laga nr 4/1995 um tekjustofna sveitafélaga sem segir að í sveitarfélagi þar sem er bæði þéttbýli og dreifbýli sé heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt.
 - Tillagan er m.a. rökstudd með því að í dreifbýli og þéttbýli er mismunandi þjónustustig.
- Það þýðir að fasteignaskattur á íbúðar- og landbúnaðarhúsnæði (A-liður) í dreifbýli verður 0,5% og á atvinnuhúsnæði (C-liður) 1,32%.

2. Fjallskilamál

Samstarfsnefnd leggur til að ný sveitarstjórn skipi landbúnaðarnefnd sem jafnframt taki við hlutverki dreifbýlisráðs.

Samstarfsnefnd leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði starfræktar þrjár Fjallskiladeildir.

- Pistilfjarðardeild
- Langanesdeild Vestari
- Langanesdeild Austari, austan Miðfjarðarár

Til að tryggja jafnari nýtingu lands til upprekstrar og beitar verði búfjáreigendum heimilt að reka fé sitt á fjall í öðrum deildum en þeir eiga búsetu í, enda sé það gert með samþykki viðkomandi landeigenda.

Sveitarfélagið, sem ábyrgðaraðili fjallskila, tryggi að fjallskil fari fram með fullnægjandi hætti í öllum deildum, þó svo að kindagjald í einstökum deildum standi ekki undir fjallaskilakostnaði í viðkomandi deild.

Sveitarfélagið leitist við að tryggja aðgang að upprekstrarleyfum á þeim svæðum sem svigrúm er til staðar með samkomulagi við landeigendur. Hver deild ákveður fjallskilagjöld hjá sér og laun fyrir vinnu við fjallskil.

Miða skal gjöld og laun við að fjárbændur borgi því sem næst raunkostnaði við fjallskil. Sveitarfélagið, í samvinnu við fjallskiladeildir, leiti leiða til að jafna kostnað milli deilda.

Samstarfsnefnd leggur til að landgjald verði fellt niður.

Mirjam situr hjá við afgreiðslu málsins.

3. Kjörseðill og utankjörfundar atkvæðagreiðsla

Kjörfundur utan kjörfundar hófst 24. febrúar. Atkvæði eru greidd hjá sýslumönnum um allt land. Fulltrúi sýslumanns á Þórshöfn er í frú til 10. mars en eftir það er hægt að kjósa á Þórshöfn. Kjörseðill verður prentaður í Svansprent og dómsmálaráðuneytið staðfestir kjörseðilinn.

4. Kynningar mál og íbúafundir

Sameiginlegur íbúafundur í Þórsveri er ráðgerður og sendur út á Zoom. Fundurinn er áætlaður fimmtudaginn 17. mars kl. 20. Síðasti frestur til að koma efni til íbúa í formi bæklingis er 14. mars. Undirbúningur útgáfuefnis hefst nú þegar.

5. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður þegar próförk að kynningarefni liggur fyrir.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:10